

Aðalfundur

Haldinn í húsnæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum,
14. desember 2016 kl.20:00

Fundinn sátu: Erla Dóra Vogler, Þórhallur Pálsson, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Theodóra Alfreðsdóttir, Philip Vogler, Þórður Júlíusson, Halldór Walter Stefánsson, Skarphéðinn Þórisson, Ragnhildur Indriðadóttir, Skúli Benediktsson, Guðrún Schmidt, Sævar Þór Halldórsson, Sóley Valdimarsdóttir og Sigurjón Bjarnason.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Fundarsetning
2. Aðalfundargerð síðasta aðalfundar lögð fram
3. Skýrsla stjórnar
4. Fjárhagsstaða samtakanna
5. Afgreiðsla ályktana
6. Tillögur að lagabreytingum
7. Inntaka nýrra félaga
8. Kosning stjórnar
9. Önnur mál

1. Fundarsetning

Formaður setur fundinn.

Mælt er með Sigurjóni Bjarnasyni í starf fundarstjóra og Sóley Valdimarsdóttur í starf fundarritara. Aðalfundur samþykkir.

Fundarstjóri úrskurðar fundinn löglegann án mótmæla.

2. Aðalfundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

Formaður fór yfir fundargerð síðasta aðalfundar en hann var haldinn í tvennu lagi. Sá fyrri þann 24. október 2015 og sá seinni 2. desember, sama ár.

Fyrir fyrri aðalfundinn fór Hjörleifur Guttormsson yfir 45 ára sögu samtakanna. Á fundinum voru teknar fyrir ályktanir sem Hjörleifur Guttormsson og Skarphéðinn Þórisson lögðu fyrir fundinn. Þær voru samþykktar með breytingum. Lagðar voru fram tillögur um lagabreytingar og ákveðið að fresta afgreiðslu þeirra til framhaldsaðalfundar. Teknir voru inn nýir félagar, þar af öll stjórnin sem setið hefur þetta ár. Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs var þakkað gott samstarf. Árgjald var hækkað úr 1.500 kr í 2.000 kr.

Á seinni fundinum voru samþykktar lagabreytingar sem voru lagðar fyrir á fyrri fundi. Farið var yfir fjárhagsstöðu samtakanna en enginn ársreikningur var lagður fram.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur gerir engar athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður, Erla Dóra, kynnir skýrslu stjórnar.

Stjórn fundaði fjórum sinnum á árinu. Fyrsta verk var að senda út ályktanir sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi. Félagatal var uppfært og gamlar skuldir gerðar upp. Vefsíða var uppfærð og virkjuð að nýju auk þess sem fésbókarsíða í nafni samtakanna var stofnuð. Gefið var út fréttabréf og sent á alla féлага.

Af sérstökum verkefnum sem unnin voru á tímabilinu er vert að minnst á eftirfarandi:

- Stjórn var í samstarfi við ferðaskrifstofuna Discover the World (DTW) sem hóf millilandaflug milli Egilsstaða og Gatwick í sumar. Settur var saman lítill blöðungur með efni um náttúru Íslands og almennar umgengnisreglur á léttu nótunum. Upplýsingarnar voru setta inn í spjaldtölvu sem viðskiptavinir DTW fengu afhenta með bílaleigubíl sínum við komuna til landsins.
- Fyrirnefndur blöðungur var einnig sendur á aðra aðila í ferðaþjónustu ef ske kynni að þeir vildu nýta sér efni hans. T.d. Austurbrú, Inspired by Iceland, Stjórnstöð Ferðamála ofl. setti saman efni í blöðung um náttúru Íslands og almennar umgengnisreglur.
- Samtarf við Landvernd var virkjað. Formaður fór og afhenti grænfána á Reyðarfirði fyrir hönd Landverndar. Fulltrúi stjórnar sótti einnig aðalfund Landverndar í Reykjavík.
- Fulltrúi samtakanna sótti samráðsfund með Umhverfisstofnun og Náttúruverndarsamtökum.
- Athugasemdir voru gerðar við Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019 þar sem ítrekað var að meiri áhersla verði lögð á náttúruvernd.
- Hvatningarbréf var sent til sveitarstjórna á starfssvæðinu um að framfylgja Parísarsáttmálanum er kemur að endurheimt votlendis.
- Sótt var um tvo verkefnastyrki til Umhverfisráðurneytisins. Annarsvegar verkefni í tengslum við endurheimt votlendis og hinsvegar átak í hreinsun girðinga. Votlendisverkefnið hlaut ekki styrk þar sem vinna við það er nú þegar hafin hjá Umhverfisstofnun í samstarfi við ýmis sveitarfélög. Girðingaverkefnið hlaut hinsvegar styrk að upphæð 700 þúsund krónur. Leitað var eftir samstarfi við sveitarfélög á starfssvæði samtakanna og tóku öll vel í það að undanskildum Borgarfjarðarhreppi og Fljótsdalshreppi. Þau töldu sig hafa lokið hreinsun óþarfra girðinga á sínu svæði. Auglýsingastofan Grafít á Djúpavogi hannaði auglýsingar fyrir átakið sem voru birtar í fjölmiðlum auk þess sem greinar birtust í Bændablaðinu, Austurglugganum og Austurlandi. Verkefnið var kynnt á heimasíðu samtakanna og facebook

síðu þeirra auk þess sem Erla Dóra kynnti það í útvarpsviðtali. Erla endaði verkefnið á að senda bréf til allra sveitarfélaga til að fá endurgjöf um árangur. Hvatti hún um leið til þess að verkefninu yrði áfram sinnt innan sveitarfélaganna og að þau myndu standa fyrir hreinsun á sínum landareignum.

Skarphéðinn Þórisson fagnar girðingarátakinu enda þekkir hann vel til afleiðinga ónýtra girðinga í gegnum starf sitt hjá Náttúrustofu Austurlands. Bendir á að í landi Fljótsdalshrepps séu vissulega enn til staðar ónýtar girðingar sem hafa „veitt“ ótal hreindýr í gegnum tíðina. Sjaldan hafa sést fleiri dýr með járn á hornum sínum en nú í ár, og á það við um á öllu Austurlandi. Skarphéðinn lýsir sig reiðubúinn til að vinna áfram að verkefninu með nýrri stjórn NAUST í gegnum Náttúrustofu Austurlands.

Þórhallur Pálsson tók undir sjónarmið Skarphéðins og benti enn fremur á þá sjónmengun og hættu fyrir fólk, auk hreindýranna, sem ónýtar girðingar skapa.

Þórður leggur orð í belg og bendir á þær menningarminjar sem felast í niðurniddum girðingum og hafa orðið mörgum listamanninum innblástur. Mælir þeim þó ekki bót.

Sævar Þór Halldórsson veltir upp þeirri spurningu hvort ekki væri hægt að koma á einhverskonar skipulagi við tilkynningar um fallnar girðingar. Til að mynda að göngufólk taki gsp punkt verða það þeirra vart og geti sent á annaðhvort NAUST eða Náttúrustofu Austurlands.

Niðurstaða fundar: Ný stjórn hvött til að vinna áfram að girðinga verkefninu, þróa og útfæra betur í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands svo það megi skila árangri til lengri tíma lítið. Stjórn hrósað fyrir vel unnin störf á árinu.

4. Fjárhagsstaða samtakanna

Þórhallur Pálsson, gjaldkeri kynnur.

Eignir eru ekki aðrar en bankainnistæður. Á veltureikningi eru 59.894 og kjörbók 1.274.941. Skuldir eru engar. Tekjur félagsins komu til vegna félagsgjalda (131.000) og veittra styrkja (900.000).

Vaxtatekjur námu 833 kr. á árinu. Heildargjöld félagsins voru 574.540 og skiptast sem hér segir:

- Til Landverndar48.000
- Auglýsingakostnaður 452.054
- Internet / vefsíða.....11.982
- Ferðakostnaður.....25.280
- Póstkostnaður.....10.200
- Bankakostnaður / innheimta24.819
- Fjármagnstekjuskattur.....2.205

Hrein eign NAUST þann 12.12.2016 var 1.334.835 kr.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur samþykkir reikninga félagsins samhljóða.

5. Afgreiðsla ályktana

Hjörleifur Guttormsson sendi inn þrjár hugmyndir að ályktunum fyrir fundinn og voru þær kynntar af formanni.

- Smávirkjunum geta fylgt skaðleg umhverfisáhrif.

Ályktunin er svo hljóðandi:

Aðalfundur NAUST 2016 lýsir undrun yfir nýlegu allsherjarútkalli Orkustofnunar til sveitarfélaga og landeigenda um að skima eftir og tilnefna svonefnda smávirðjanakosti allt að 10 megawött til frumathugunar vegna vatnsaflsvirkjana. Jafnframt býður stofnunin fram aðstoð starfsmanna sinna til að meta slíka kosti. Virkjanir á bilinu 0,2–10 MW að afli fara ekki sjálfkrafa í umhverfismat en eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu þeirra. Augljóst er að umhverfisáhrif slíkra virkjana geta verið veruleg og jafnvel stórfelld, auk þess sem rask mun fylgja þegar á rannsóknastigi vegna umferðar, oft um ósnortið land. Nýlegt dæmi er Svartárvirkjun í Bárðardal 9,8 MW að afli og á undirbúningsstigi er Hólsárvirkjun í Fnjóskadal 5,6 MW.

Í nýlegri skýrslu Veiðimálastofnunar (Smávirðjanir og áhrif þeirra á lífríki í vatni) segir m.a.: „Þótt umhverfisáhrif smávirðjana hafi sjaldan verið metin geta þau í sumum tilfellum verið umtalsverð. Mikilvægt er að stefna að því að koma allri umgjörð í kringum smávirðjanir í betra horf.“

Um leið og aðalfundur NAUST gagnrýnir framgöngu Orkustofnunar í þessu máli hvetur hann Skipulagsstofnun, sveitarstjórnir og aðra opinbera aðila til að samræma málsmeðferð á þessu sviði, þannig að ekki hljóti af ófyrirséð og alvarleg náttúruspjöll þegar á rannsóknastigi.

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða með smávægilegum breytingum. Bætt við dæmum um Geitdalsárvirkjun.

- **Varhugaverð rannsóknaleyfi til undirbúnings stórvirkjana.**

Ályktunin er svo hljóðandi:

Aðalfundur NAUST 2016 vekur athygli á nýlega útgefnum rannsóknaleyfum Orkustofnunar vegna stórra virkjana, m.a. á Austur- og Norðausturlandi. Tvö slík leyfi eru veitt Arctic Hydro ehf, sem er umsvifamikið einkafyrirtæki.

Um er að ræða svonefnda **Dimmugljúfursvirkjun í Hafralónsá** inn af Þistilfirði, stærð ótilgreind, en gæti etv. verið á bilinu 50–100 MW. Hafralónsá er glæsilegt vatnsfall með upptök í Heljardal. Í ánni er Stórirfoss, ca. 20-25 m hár og einn af fegurstu fossum héraðsins. Hann er lítt þekktur, enda langt inni á Þistilfjarðarheiðum og að honum liggur ekki vegslóði.

Annað rannsóknaleyfi til sama aðila varðar 30–70 MW virkjun á **vatnasviði Hamarsár** inn af Hamarsfirði og er henni ætlað m.a. að keppa við svonefnda **Hraunavirkjun til Berufjarðar**, sem áætluð er 126 MW að afli, með uppistöðulónum uppi á austanverðum Hraunum, samtals um 27 Gl að rúmmáli. Áhrif þessarar virkjunar yrðu afar víðtæk og snerta afrennsli af fimm vatnasviðum, m.a. til Skriðdals (Geitdalsá / Grímsá).

Þá hefur Orkustofnun nýlega veitt Landsvirkjun rannsóknaleyfi vegna jarðvarmavirkjunar við **Hágöngur** („Fögruhverir“) í jaðri Hágöngulóns. Rannsóknasvæðið er við vesturmörk Vatnajökulsþjóðgarðs og snerta þannig þjóðgarðinn með beinum hætti.

NAUST bendir á að hætta er á verulegu jarðraski sem tengist undirbúningsrannsóknnum eins og þeim sem hér um ræðir, þar sem verið er að fara inn á óröskuð svæði eins og í Hamarsdal. Brýnt er að opinberar stofnanir sem málið varðar, svo sem Skipulagsstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir, fjalli frá byrjun ásamt Orkustofnun um slíkar leyfisveitingar og ef leyfi eru veitt verði tryggt skilvirkt eftirlit með rannsóknvinnu á vettvangi.

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða með smávægilegum málsfarsbreytingum.

- **Um náttúruauðlindir í þjóðareign og nýtingu þeirra.**

Ályktunin er svo hljóðandi:

Aðalfundur NAUST 2016 lýsir ánægju með fyrirbyggjandi hugmyndir um að setja ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum í stjórnarskrá, sbr. frumvarp sem forsætisráðherra lagði fram á þingi sl. sumar og víðtæk samstaða hafði náðst um.

Stjórnskipuð Auðlindanefnd sem skilaði álit árið 2012 benti á að nýting takmarkaðra náttúruauðlinda geti m.a. varðað vatnsafl, jarðvarma, ferskvatn, fiskistofna, fjarskiptatiðni, námur og kolvetni í jörðu auk heimilda til losunar gróðurhúsalofts. Því er augljóst að fleira er fellt undir þessa stefnumótun en auðlindir í algengustu merkingu þess orðs.

Fyrirhuguð ákvæði um þjóðareign í stjórnarskrá og sérlögum kalla í senn á árvekni og að skýrt sé skilgreint hvað felist í hugtakinu þjóðareign. Jafnframt verður fyrirfram að vera ljóst hver sé afstaðan til hugsanlegrar þátttöku útlanda í fyrirtækjum sem fá aðgang til nýtingar á slíkum gæðum. Það getur m.a. átt við um orkuver og um nýtingu ferskvatns, hvort sem er til fiskeldis eða til útflutnings á vatni.

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða með smávægilegum málvarsbreytingum.

Skarphéðinn Þórisson lagði til að ályktað yrði að nýju um stækkun austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs sem og friðlýsingu Gerpissvæðisins. Ályktanirnar eru svo hljóðandi:

- **Stækkun austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs**

Náttúruverndarsamtök Austurlands fagna stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem nemur Krepputungu. Hvatt er til þess að áfram verði unnið markvisst að því að Brúaröræfi á milli Hálsólons og Krepputungu verði hluti þjóðgarðsins hið fyrsta. Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að skoða og skilgreina sem eina heild hvað varðar verndun, skipulag og nýtingu. Það verður ekki fyllilega gert fyrr en fyrrnefnt svæði tengir saman Krepputungu og Snæfellsöræfi.

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða.

- **Um vinnu að friðlýsingarmálum**

Aðalfundur NAUST 2015 átelur seinagang við vinnu að friðlýsingarmálum sem formlega hafa verið tekin á dagskrá hjá stjórnvöldum, m.a. samkvæmt náttúruverndaráætlunum. Dæmi um þetta hér austanlands eru tafir við vinnu á vegum Umhverfisstofnunar að friðlýsingu Gerpissvæðisins, en senn eru liðin 20 ár frá því tilmæli þar að lútandi voru samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn og málið síðan tekið upp í náttúruverndaráætlun með samþykki Alþingis.

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða.

Skarphéðinn lagði einnig til að ályktað yrði um bann á notkun plastpoka auk þess að fallið verði frá öllum áætlunum um olíuvinnslu á Drekasvæðinu, með tilvísun í Parísarsáttmálann.

Niðurstaða fundar: Þar sem ekki var um fullmótaðar ályktanir var að ræða var ákveðið að ný stjórn myndi taka þessi mál til skoðunar.

Ályktun barst frá Þórhalli Pálssyni og var hún svo hljóðandi: „Aðalfundur NAUST lýsir sérstakri ánægju með verkefnið Perlur Fljótsdalshéraðs.“

Niðurstaða fundar: Samþykkt samhljóða.

Skarphéðinn fór einnig yfir stöðu mála er tengjast virkjanakostum sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga rammaáætlunar, og tengjast ályktun Hjörleifs. Sýndi kort af fyrirhuguðum framkvæmdum við Hraunavirkjun og Hamarsdalsvirkjun/Hamarsárviðvirkjun. Mikil vinna er í gangi nú þegar af hálfu Orkustofnunar og farið er að kynna framkvæmdina fyrir landeigendum og sveitarfélögum.

Niðurstaða fundar: Fundurinn telur mjög brýnt að þessar fyrirætlanir verði kynntar sem allra fyrst fyrir almenningi. Skarphéðinn tekur að sér að setja inn kort og myndir á heimasíðu samtakanna. Lögð var áhersla á að ný stjórn fylgist grannt með framvindu þessara mála auk annarra á starfssvæðinu.

Umræður sköpuðust um starfssvið samtakanna og lagði Guðrún Scmidt til að þau myndu ekki síður taka almennt á umhverfismálum auk náttúruverndarmála, sérstaklega með tilliti til umbúða- og plastnotkunar.

Niðurstaða fundar: Umræður spunnust um málið og var vel tekið í hugmyndina. Samþykkt var að fela nýrri stjórn að taka þessi mál til umræðu.

Philip Vogler veltir því upp hvort eigi að beina því til nýrrar stjórnar að fjalla um eignarhald erlendra auðmanna á íslenskum landareignum. Umræður spunnust um hvaða mál eru náttúruvernd og hvað ekki.

Niðurstaða fundar: Umræður spunnust um málið og samþykkt var að fela nýrri stjórn að taka þessi mál til umræðu.

6. Tillaga að lagabreytingu

Formaður kynnrir tillögu að breytingum á tveimur greinum. Annarsvegar er um að ræða fjölgun meðlima í stjórn úr þremur í fimm (6.grein) og ályktun (7.grein). Breytingartillögurnar má sjá hér á eftir þar sem strikað hefur verið yfir eldra orðalag og breytingar ritaðar með hástöfum.

6. grein

Stjórn samtakanna skal skipuð ~~þremur~~FIMM aðalmönnum (formanni, VARAFORMANNI, ritara, ~~og~~ gjaldkera OG MEÐSTJÓRNANDA) og ~~þremur~~ TVEIMUR mönnum til vara.

Stjórnin skal kosin árlega á aðalfundi og skipta stjórnarmenn með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni samtakanna milli aðalfunda. Í málum sem varða einstök byggðarlög ber stjórninni að ráðgast við félagsmenn samtakanna á viðkomandi svæði.

Stjórnin skal funda reglulega, eða a.m.k. fjórum sinnum á ári, OG ÞURFA AÐ LÁGMARKI ÞRÍR ÚR STJÓRN AÐ MÆTA TIL FUNDAR.

7. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í málum samtakanna. Stjórnin auglýsir fundinn og fundardagskrá með hálfmánaðar fyrirvara í a.m.k. einum opinberum miðli.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Allir beinir aðilar að samtökunum eiga rétt til setu á aðalfundi með fullum réttindum og hver styrktaraðili má senda einn fulltrúa á fundinn og hafa þeir þar sömu réttindi, að undanteknu kjörgengi til stjórnar.

ÁLYKTANADRÖG SEM LEGGJA Á FYRIR AÐALFUND SKULU LÖGÐ FYRIR STJÓRN MEÐ MINNST VIKU FYRIRVARA OG BIRTI HÚN DRÖGIN Á FÉSBÓKAR- EÐA HEIMASÍÐU SAMTAKANNA ÞANNIG AÐ FÉLAGSMENN GETI GLÖGGVAÐ SIG Á ÞEIM FYRIR FUNDINN.

Breyting á 7. grein útilokar þó ekki að fundarmenn geti lagt fyrir ályktun á aðalfundi, ef aðalfundur ályktar svo.

Niðurstaða fundar: Breytingar á 6. og 7. grein voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Einn sat hjá.

7. Inntaka nýrra félaga

Félagatal telur á þessari stundu 71 félag. Á aðalfundi bættust við þrjú félagar; Svavar Pétur Eysteinnsson, Berglind Häsler og Vigfús Ingvar Ingvarsson.

Niðurstaða fundar: Nýjir félagar boðnir velkomnir í samtökin.

8. Kosning stjórnar

Fundarstjóri lýsir eftir framboðum til stjórnar.

- Erla Dóra Vogler
- Sævar Þór Halldórsson (gefur kost á sér sem meðstjórnandi)
- Guðrún Schmidt
- Skúli Ben (gefur kost á sér sem varamaður)
- Skarphéðinn Þórisson (gefur kost á sér sem varamaður).

Þórhallur Pálsson og Sóley Valdimarsdóttir ganga úr stjórn. Ragnhildur Rós Indriðadóttir gefur ekki kost á sér áfram sem varamaður.

Niðurstaða fundar: Ekki fengust nægilega mörg framboð til að fullskipa stjórn. Aðalfundur ákvað því að fresta kosningu nýrrar stjórnar til framhaldsaðalfundar sem halda skal svo fljótt sem auðið er. Hann skal auglýsa með 2 vikna fyrirvara í a.m.k. einum opinberum miðli.

9. Önnur mál

- a) Sævar Þór Halldórsson hefur sótt um styrk til Umhverfisráðuneytisins að halda þrjú ráðstefnur um friðlýst svæði á Austurlandi. Tilgangur ráðstefnanna er að upphefja friðlýst svæði í þeirri skipulagsvinnu sem er í gangi í fjórðungnum (til að mynda í gegnum verkefnið Áfangastaðinn Austurland). Ef styrkur fæst er óskað eftir því að NAUST hafi aðkomu að ráðstefnunni enda hafa samtökin átt frumkvæði að friðlýsingu einhverra þessara svæða.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur tekur vel í málið og lýsir yfir jákvæðu viðhorfi til þátttöku ef af ráðstefnunum verður.

- b) Fundurinn vill bóka þakkir til Ferðafélags Fljótsdalshéraðs fyrir einstaka velvild í garð samtakanna er kom að láni á húsnæði til fundarhalda.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur bókar þakkir til FF.

Fundi frestað kl. 21:56. Starfandi stjórn boðar til framhaldsaðalfundar á nýju ári.